

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2016, þriðjudaginn 8. nóvember, var haldinn 133. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarði og hófst fundurinn kl. 17.08. Viðstödd voru Sigurður Hólm Gunnarsson formaður, Guðbrandur Guðmundsson, Gísli Rafn Guðmundsson, Elísabet Gísladóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir. Einnig sátu fundinn Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Margrét Richter deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á væntanlegum framkvæmdum í Grafarvogi. Ævar Harðarson frá umhverfis- og skipulagssviði kynnir undirbúningsvinnu stýrihóps fyrir ráðinu.
- Kl. 17.11 tekur Elísabet Gísladóttir sæti á fundinum

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir leggja áherslu á að samráðsferli um hverfaskipulag Grafarvogs byrji strax þegar unnið er að stefnumótun og framtíðarsýn, þ.e.a.s. á fyrstu skrefum vinnunnar, til að auka samráð við íbúana um þeirra nærumhverfi. Með því verður sáttin meiri og hætta á árekstrum og gagnrýni á síðari stigum verður minni. Ákvarðanir og hugmyndir um hverfið verða mótaðar af íbúum enda staðbundin þekking mest í nærumhverfi þess sem ákvörðunin snýr að.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur til að hverfisráð Grafarvogs taki forystu og hafi frumkvæði af því að boða til hverfisfundar (hugarflugsfundur) þar sem kynnt verður sú vinna sem fer af stað í tengslum við hverfisskipulagið. Haldin verði fundargerð sem komin verði áfram til verkefnastjóra í hverfisskipulagi Reykjavíkur þannig að vilji íbúanna komi strax fram þegar unnin er stefnumótun og framtíðarsýn hverfisins. Þannig tryggjum við íbúalýðræði og virkjum gagnsæi í ákvarðanatöku og hvetjum íbúa til að láta gott af sér leiða í tengslum við þróun nærumhverfis síns.

Frestað.

- Kl. 17.50 víkur Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir af fundi.
2. Lagt fram svar vegna bókunar um stefnu í frístundamálum frá 11. október 2016 lagt fyrir fundinn til kynningar.

Hverfisráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs þakkar fyrir svar við ósk um kynningu á drögum um stefnu í frístundamálum í Reykjavík. Hverfisráðið áréttar að sé óskað eftir umsögnum frá hverfisráði þurfi að gefa viðunandi tíma og upplýsingar til að umsögn sé möguleg. Sérstaklega er mikilvægt að huga að þessu á sumarfrístíma.

3. Umræður um praktísk atriði innan ráðsins.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir leggja fram þá tillögu að hverfisráð Grafarvogs álykti um að í undirbúningsvinnu Reykavíkurborgar um borgarlínu/sporvagn/hraðlest þá verði það sett í forgang að tryggja slíkar samgönguleið til og frá Grafarvoginum.

Frestað.

Fundi slitið kl. 18.13

Sigurður Hólm Gunnarsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir
Gísli Rafn Guðmundsson

Guðbrandur Guðmundsson
Elísabet Gísladóttir